



Varðandi: Skagapassinn
Málsnúmer: 1905257
Dagsetning: 15.05.2019

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að setja í gang þróun á verkefninu Skagapassinn.

Bæjarráð felur Sædísí Alexíu Sigurmundsdóttur verkefnastjóra og Ellu Maríu Gunnarsdóttur forstöðumanni menningar- og safnamál að móta tillögu um útgáfu af Skagapassanum og leggja fyrir bæjarráð eigi síðar en 13. júní næstkomandi.

GREINARGERÐ: Umræða um gerð Skagapassans er ekki nýmæli og hefur oft verið hugleitt um framleiðslu á slíku korti sem gefur t.d. aðgang í Akranesvita, sund og á Byggðasafnið. Ásamt því hefur verið velt upp tengingu við kaffihús og veitingastaði í bæjarfélaginu við passann.

Lagt er því hér til að fela ofangreindum aðilum að koma með tillögu og framkvæmd að gerð Skagapassans og skal það lagt fyrir bæjarráði að nýju fyrir 13. júní næstkomandi.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.



Sævar Freyr Þráinsson

bærarstjóri